



Imbruvika

Í næstu viku er Imbruvika í skólanum. Þá er hefbundin kennsla brotin upp og boðið upp á ýmis námskeið, atburði og fyrirlestra. Imbruvika FG hefst á þriðjudaginn og er þema daganna Brasilía. Nánari upplýsingar um Imbrudagana má sjá á [Facebook síðu Imbrudaga](#).



Söngleikurinn Beetlejuice

Á miðvikudaginn er frumsýning leikritsins Beetlejuice og hefur leikfélagið Verðandi lagt allt undir til að gera þessa sýningu sem best úr garði. Nánari upplýsingar um sýninguna má sjá á [heimasíðu leikfélagsins](#).




Árshátíð og vorannarfrí

Hápunktur Imbrudaga er svo árshátíð nemenda miðvikudaginn 26. febrúar. Matur og skemmtiatriði fara fram í hátíðarsal skólans, en dansleikurinn fer fram á Spot í Kópavogi. Fram koma meðal annars Páll Óskar og Sálin hans Jóns míns. Nánari upplýsingar má sjá á [Facebook síðu árshátíðarinnar](#). Boðið verður upp á rútur heim af ballinu og koma þær við í Kópavogi, Hafnarfirði, Álftanesi auk Garðabæjar.

Fyrir árshátíðina er mikið um samkvæmi í heimahúsum og ekkert við því að segja en við hvetjum foreldra til að vera viðstadda og ganga úr skugga um að þar fari allt fram á eðlilegan hátt.

Á fimmtudag og föstudag er vorannarfrí og því engin starfsemi í skólanum.



Verkfallsumræður

Af eðlilegum ástæðum eru umræður um hugsanlegt verkfall framhaldsskólakennara fyrirferðamiklar innan skólans. Nú er staðan sú að kennarar eru að greiða atkvæði um verkfallsboðun og mun niðurstaðan liggja fyrir eftir helgi. Ef kennarar samþykkja verkfallsboðun má gera ráð fyrir að til verkfalls verði boðað eftir miðjan marsmánuð.

Samningar eru enn í gangi og er það von skólans að samningar náist áður en til verkfalls kemur.

Hvað sem gerist er mjög mikilvægt fyrir nemendur að halda sínu striki og slá ekki slöku við í námi. Ef svo illa fer að til verkfalls komi þá þarf alltaf að vinna úr því að því loknu. Þá standa þeir nemendur sem hafa staðið sig vel í námi mun betur en hinir sem hafa mætt illa og hafa ekki skilað verkefnum. Miðannarmat er framundan og þá geta nemendur og forráðamenn séð hvernig nemendur hafa stundað námið á fyrri hluta annarinnar.